

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, fimmtudaginn 15. september kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 884. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson og Borghildur Sölvey Sturludóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Olga Guðrún B Sigfúsdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Sigríður Maack, Sigríður Lára Gunnarsdóttir og Björn Ingi Edvardsson.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- Hólaberg 78, (fsp) breyting á notkun** (04.673.5) Mál nr. SN220538
Skjalnr. 9980
Huginn Elí Sigtryggsson, Hólaberg 78, 111 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Hugins Elís Sigtryggssonar, dags. 31. ágúst 2022, um breytingu á notkun framhúss á lóð nr. 78 við Hólaberg úr gististað í íbúð. Einnig lagður fram tölvupóstur verkefnisstjóra dags. 8. september 2022.
Afgreitt.
- Fálkabakki 1, Fálkaborg, breyting á hverfisskipulagi** (04.617) Mál nr. SN220271
Skjalnr. 13158
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á hverfisskipulagi "6.1 Breiðholt" vegna lóðarinnar nr. 1 við Fálkabakka. Í breytingunni felst stækkun á skipulagssvæði til norðurs, stækkun á leikskólalóð og núverandi byggingarreit leikskólans ásamt því að bætt er við byggingarreit fyrir tímabundna kennslustofu, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 5. maí 2022. Tillagan var auglýst frá 21. júlí 2022 til og með 2. september 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 19. júlí 2022. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
- Vesturás 31-39, 37 - Viðbygging - sólskáli í kjallara og þaksvalir þar á.** (04.385.603) Mál nr. BN061390
Skjalnr. 7727
Helga Stefánsdóttir, Vesturás 37, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. september 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að stækka hús matshluta nr. 04, viðbygging við kjallara með þaksvölum, útgengt frá stofu aðkomuhæðar og tröppur niður í garð á suðvesturhlið húss nr. 37 á lóð nr. 31-39 við Vesturás. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022.
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022.

4. **Funahöfði 19, Dúkhús** (04.061.002) Mál nr. BN061446
Skjalnr. 6612
Reginn atvinnuhúsnæði ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að reisa skýli, nýjan matshluta ætlaðan efnismóttöku, pökkun og frágang, burðarvirki úr stáli, fest í steipt ankeri grafin í jörð, klætt dúk, haldið frostfríu með hitablásurum, staðsett í inngarði við hús á lóð nr. 19 við Funahöfða.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
5. **Lautarvegur 6, Færa gluggafront á 3. hæð** (01.794.303) Mál nr. BN061137
Skjalnr.
Kristín Lilja Eyglóardóttir, Svíþjóð,
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. september 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir stækkun, þ.e. að færa núverandi gluggafront íbúðar á þriðju hæð, 0301, fram að þakbrún skyggnis, svalir minnka samsvarandi stækkun íbúðar í húsi á lóð nr. 6 við Lautarveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
6. **Sogavegur 92, (fsp) bílskúr** (01.815.1) Mál nr. SN220537
Skjalnr. 14698
Vilhjálmur Andri Kjartansson, Sogavegur 92, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Vilhjálms Andra Kjartanssonar dags. 24. ágúst 2022 um að setja bílskúr austan við húsið á lóð nr. 92 við Sogaveg, samkvæmt tillögu Axels Kaaber ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022.
Ekki er gerð athugasemd við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún.
7. **Tjarnargata 37, (fsp) bílskúr** (01.142.3) Mál nr. SN220514
Skjalnr. 12657
Heiðarlax ehf, Vesturbrún 18, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Heiðarlax ehf. dags. 12. ágúst 2022, ásamt greinargerð/skissu gb design dags. 5. ágúst 2022 um að koma fyrir bílskúr við norðurhlið hús á lóð nr. 37 við Tjarnargötu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
8. **Álfheimar 21, Áður gerðar breytingar, breytt notkun og fjölgun fasteigna úr þremur í fjórar** (01.432.205) Mál nr. BN061119
Skjalnr. 14705
Ankor ehf., Álfheimum 21, 104 Reykjavík
Garðar Einarsson, Bandaríkin, Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. september 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. reistir milliveggir í bílgeymslu, önnur bílskúrshurðin fjarlægð, komið fyrir útgangshurð og glugga komið fyrir í hina, byggt hefur verið yfir tröppur, komið fyrir hurð í burðarvegg og gluggar á vesturhlið fjarlægðir, jafnframt er sótt um að fjölga fasteignum með íbúð í kjallara, breyta notkun bílskúrs og skipta í tvær notkunareiningar sem vinnustofur, eignarhald vinnustofu 02-0101 verði kjallara 01-0001 og vinnustofu 02-0102 verði íbúð 01-0201 í húsi á lóð nr. 21 við Álfheima.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

9. **Blesugróf 30, (fsp) hækkun á hámarks gólfkóta 1. hæðar** (01.885.3) Mál nr. SN220395
Skjalnr. 13691
Sýrfell ehf, Traðarlandi 2, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. júní 2022 var lögð fram fyrirspurn Sýrells ehf., dags. 21. júní 2022 ásamt bréfi ódags. um hækkun á hámarks gólfkóta 1. hæðar hússins á lóð nr. 30 við Blesugróf. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt lagnauppd. dags. 1. febrúar 1974, hæðarblaði dags. 1. nóvember 2016 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022.
10. **Ellidabraut 2, breyting á deiliskipulagi** (04.772.101) Mál nr. SN220532
Skjalnr. 12508
Festi fasteignir ehf., Dalvegi 10-14, 201 Kópavogur
DAP ehf, Litlu-Tungu, 276 Mosfellsbær
Lögð fram umsókn Guðmundar Odds Víðissonar dags. 30. ágúst 2022 um breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðarinnar nr. 2 við Ellidabraut. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreindir verða byggingarreitir fyrir matvöruverslun, skrifstofubyggingu og fjölorkustöð, með eldsneytisdælum og rafhleðslustöðvum fyrir bifreiðar ásamt því að komið verði fyrir skjólveggi á lóðarmörkum við byggingarreit B-3, lóð verði stækkuð til norðurs og nýtingarhlutfall hækkað, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppd. DAP dags. 30. ágúst 2022. Einnig lagt fram mæliblað dags. 13. mars 2006.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
11. **Bergstaðastræti 51, (fsp) hækkun húss, kvistir og svalir** (01.186.008) Mál nr. SN220548
Skjalnr. 14701
Flóra Vuong Nu Dong, Singapur,
Lögð fram fyrirspurn Flóru Vuong Nu Dong, dags. 6. september 2022, um hækkun hússins lóð nr. 51 við Bergstaðastræti og setja kvisti og svalir á Húsið, samkvæmt uppd. Sei ehf. dags. 6. september 2022. Einnig lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 16. ágúst 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
12. **Dugguvogur 4, Breyting á BN060761 - 125 gestir** (01.452.201) Mál nr. BN061386
Skjalnr. 7191
Dugguvogur 4 ehf., Dugguvogi 4, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060761 vegna lokaúttektar, þ.e. flóttastiga á suðurhlíð snúð, fallið frá uppsetningu milliveggja í suðvestur horni 2. hæðar, hurð sett í vegg sem áður var op, kaffiaðstöðu starfsmanna breytt, flóttaleiðir einfaldaðar og bætt við milliveggjum á 2. hæð fyrir 125 gesti í húsi á lóð nr. 4 við Dugguvog.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
13. **Leirtjörn vestur, nýtt deiliskipulag - skipulagslýsing** (02.6) Mál nr. SN220394
Skjalnr. 9352
Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju skipulagslýsing, dagsett 22. júní 2022, vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsgerðar við Leirtjörn í Úlfarsárdal. Í tillögunni er gert ráð fyrir 2-5 hæða íbúðarbyggð, samfélagsþjónustu og annarri nærþjónustu. Lýsingin var kynnt frá 19. júlí 2022 til og með 31. ágúst 2022. Eftirtaldir sendu ábendingu/umsögn: Minjastofnunar Íslands dags. 22. ágúst 2022, Skipulagsstofn dags. 25. ágúst 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 25. ágúst 2022, Braga Stefaný Mileris og Steinar Orri Hafþórsson dags. 26. ágúst 2022, 12 aðilar að Gæfutjörn 2 og Skyggnisbraut 1 dags. 28. ágúst 2022 og Veitur ohf. dags. 31. ágúst 2022.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

14. **Úlfarsárdalur - stækkun hverfis,** (02.6) Mál nr. SN220550
framkvæmdaleyfi Skjalnr. 9615
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 7. september 2022 um framkvæmdaleyfi vegna heildarfrágangs ofanvatnsrása, gerð gangstétta og útivistarstígs í Úlfarsárdal. Einnig er lagt fram teikningasett dags. september 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
15. **Vagnhöfði 29, breyting á deiliskipulagi** (04.063.2) Mál nr. SN220544
Skjalnr. 7145
UNDRA ehf., Bræðraborgarstíg 20, 101 Reykjavík
Málmtækni hf, Vagnhöfða 29, 110 Reykjavík
Lögð fram umsókn UNDRA ehf. dags. 2. september 2022 ásamt greinargerð dags. 5. september 2022 um breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða iðnaðarsvæðis vegna lóðarinnar nr. 29 við Vagnhöfða. Í breytingunni sem lögð er til felst að núverandi byggingar á lóðinni verði fjarlægðar og í staðinn verði byggð 7 hæða bygging þar sem tvær efstu hæðirnar verða inndregnar að stórum hluta. Aðkoma að byggingunni verður bæði frá göturýminu og inngarðinum, samkvæmt deiliskipulags- og skýringarupphráttum (6 stk) UNDRA ehf. dags. 5. september 2022.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
16. **Grjótháls 8, Bílapvottastöð** (04.301.201) Mál nr. BN061417
Skjalnr. 9734
Fasteignastýring ehf., Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílapvottastöð og þvottabás, nýbyggingin er stálgrindarhús á steiptum sökklum í matshluta nr. 06 á lóð nr. 8 við Grjótháls. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022 samþykkt.
17. **Grundargerði 28, Hús minnkað** (01.814.207) Mál nr. BN060059
Skjalnr. 14048
Gunnar Sævar Kjartansson, Grundargerði 28, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057455 þannig að hætt er við viðbyggingu á suðausturgafli og gerður nýr inngangur með útistiga á sama gafli á húsi á lóð nr. 28 við Grundargerði.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Grundargerði 26 og Breiðgerði 33 og 35.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.
18. **Skipholt 3, (fsp) breyting á notkun rýmis** (01.241.2) Mál nr. SN220526
0101 Skjalnr. 8065
Jón Gunnar Eysteinnsson, Grennelur 8, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Jóns Gunnars Eysteinnssonar, dags. 25. ágúst 2022, um breytingu á notkun verslunarrýmis merkt 0101 í húsinu á lóð nr. 3 við Skipholt í gististað í flokki II. Einnig eru lagðir fram samþykktir uppdr. Unit dags. 8. apríl 2022 þar sem búið er að merkja rýmið sem um ræðir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022 samþykkt.

19. **Gufunesvegur, framkvæmdaleyfi** (02..2) Mál nr. SN220536
Skjalnr. 14697
Dolores Rós Valencia, Stamphólsvegur 5, 240 Grindavík
Ljósleiðarinn ehf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Lögð fram umsókn Ljósleiðarans ehf. dags. 31. ágúst 2022 um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiða sem felst í að grafa skurði, leggja í þá rör og ganga frá yfirborði jarðvegs. Yfirborðsfrágangur er gerður í uppsöfnun. Einnig er lagður fram uppdr. Ljósleiðarans dags. 24. ágúst 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
20. **Kjalarnes, Tindstaðir, (fsp) nýtt deiliskipulag** (31.2) Mál nr. SN220529
Skjalnr. 10161
Brimgarðar ehf., Sundagörðum 10, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Brimgarða ehf., dags. 26. ágúst 2022, ásamt bréfi Teiknistofunnar Storð ehf. dags. 26. ágúst 2022, um nýtt deiliskipulag fyrir landspildu á jörðinni Tindstaðir á Kjalarnesi vegna uppbyggingar á hæsnabúi.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
21. **Lindargata 14, (fsp) hækkun húss** (01.151.5) Mál nr. SN220385
Skjalnr. 8280
Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Fring ehf., Öskjuhlíð, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 16. júní 2022 um hækkun hússins á lóð nr. 14 við Lindargötu um eina hæð, samkvæmt uppdr. Plúsarkitekta dags. 23. maí 2017. Umsækjandi var beðinn um að hafa samband við embætti skipulagsfulltrúa og er erindi nú lagt fram að nýju.
Ekki eru gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað. Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
22. **Borgartún 22, (fsp) - gistiskáli** (01.221.003) Mál nr. BN061439
Skjalnr. 8157
Sara Pod hostel ehf., Laugavegi 172, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. september 2022 þar sem spurt er um leyfi til rekstur á gististað í flokki II, tegund d., gistiskáli, í rými 01-0201 í húsi á lóð nr. 22 við Borgartún.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
23. **Hverfisgata 35, (fsp) fjölgun íbúða** (1..151..5) Mál nr. SN220528
Skjalnr. 11787
Narfi Þorsteinsson, Njálsgata 19, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Narfa Þorsteinssonar, dags. 23. ágúst 2022, um að skipta íbúð merkt 201 í húsinu á lóð nr. 35 við Hverfisgötu í tvær íbúðir. Einnig er lögð fram teikning ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022..
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022 samþykkt.

24. **Óðinsgata 8, (fsp) stækkun húss** (01.180.3) Mál nr. SN220418
Skjalnr. 12766
Bjarki Gunnar Halldórsson, Óðinsgata 4, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Bjarka Gunnars Halldórssonar dags. 1. júlí 2022 um stækkun hússins á lóð nr. 8 við Óðinsgötu, samkvæmt skissu ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
25. **Haukdælabraut 94, breyting á** (05.114.1) Mál nr. SN220387
Skjalnr. 12546
deiliskipulagi
Hlédís Sveinsdóttir, Brekkugata 14, 220 Hafnarfjörður
Kristín Sigurey Sigurðardóttir, Haukdælabraut 94, 113 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Hlédísar Sveinsdóttur dags. 20. júní 2022 ásamt bréfi ódags. varðandi breytingu á deiliskipulagi Reynisvatnsáss vegna lóðarinnar nr. 94 við Haukdælabraut. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar, samkvæmt uppdr. EON arkitekta dags. 20. júní 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 12. ágúst 2022 til og með 9. september 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
26. **Álfabakki 2A, 2B, 2C og 2D, breyting á** (04.603.6) Mál nr. SN220193
Skjalnr. 13455
deiliskipulagi
Álfabakki 2 ehf., Dalveg 10-14, 201 Kópavogur
K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Álfabakka 2 ehf. dags. 6. apríl 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Suður-Mjóddar vegna lóðanna nr. 2A, 2B, 2C og 2D við Álfabakka. Í breytingunni felst að lóðirnar eru sameinaðar í eina lóð og byggingarreitir er lengdur til norðurs, samkvæmt uppdr. K.J.ARK ehf. dags. 4. apríl 2022. Tillagan var auglýst frá 21. júlí 2022 til og með 2. september 2022. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Sigurdís Jónsdóttir dags. 5. ágúst 2022 og Sigurdís Jónsdóttir og Birgir Rafn Árnason dags. 1. september 2022. Einnig er lögð fram ábendin Veitna dags. 30. ágúst 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.
27. **Álfabakki 6, Auglýsingaskilti - Á lóð:** (04.60) Mál nr. BN061441
L231587 Skjalnr. 5510
Garðheimar Gróðurvörur ehf., Stekkjarbakka 6, 109 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að reisa stafrænt tveggja hliða skilti, 8,67 ferm., 5,8 m á hæð og hámarksbirtu 6.000 ein. við hús á lóð nr. 6 við Álfabakka.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
28. **Ellidaárdalur við Dimmu, (fsp) hreinsun** (04.2) Mál nr. SN220510
ofanvatns fyrir hluta nýs Arnarnesvegar og Skjalnr. 5813
breikkun Breiðholtsbrautar
Vegagerðin, Suðurhrauni 3, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25 ágúst 2022 var lögð fram fyrirspurn Vegagerðarinnar, dags. 16. ágúst 2022, um hreinsun ofanvatns fyrir hluta nýs Arnarnesvegar og breikkun Breiðholtsbrautar. Í tillögunni felst að nota blöndu af blágrænum ofanvatnslausnum (BGO) og hefðbundnum settjörnum. Einnig lagt fram minnisblað Verkís dags. 6. maí 2022 og bréf Vegagerðarinnar dags. 15. ágúst 2022. Fyrirspurninni var vísað til verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022 samþykkt.

29. **Lambhagavegur 12, breyting á deiliskipulagi** (02.498.2) Mál nr. SN220549 Skjalnr. 14021
Guðmundur Oddur Víðisson, Litla-Tunga, 276 Mosfellsbær
DAP ehf, Litlu-Tungu, 276 Mosfellsbær
Lögð fram umsókn Guðmundar Odds Víðissonar, dags. 7. september 2022, ásamt bréfi, dags. 7. september 2022, um breytingu á deiliskipulagi Stekkjarbrekkna-Hallsvegar vegna lóðarinnar nr. 12 við Lambhagaveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að komið er fyrir tveimur nýjum byggingarreitum á lóð fyrir rafmagnshleðslu og sölu á eldsneyti, samkvæmt uppdr. DAP dags. 6. september 2022. Einnig er lagt fram samkomulag Reykjavíkurborgar og Löðurs ehf., dags. 12. apríl 2022.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
30. **Laugavegur 168, Niðurrif** (01.250.001) Mál nr. BN061436 Skjalnr. 11211
Framkvæmdafélagið Laugavegu ehf, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs allra matshluta á lóð nr. 168 við Laugaveg.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
31. **Laugavegur 170-174, Niðurrif** (01.250.201) Mál nr. BN061437 Skjalnr. 7016
Framkvæmdafélagið Laugavegu ehf, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa dags. 13. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á mannvirkjum í matshluta nr. 01, hluta húsa nr. 170-174 á lóð nr. 170-174 við Laugaveg.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
32. **Stefnisvogur 12, Fjölþýlishús** (01.451.305)
BBL 159 ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja þrjú stakstæð tveggja til fimm hæða fjölþýlishús með 68 íbúðum sem tengjast um bílakjallara fyrir 63 bíla á lóð nr. 12 við Stefnisvog.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
33. **Suðurlandsvegur, skipulagslýsing** (05.8) Mál nr. SN220392 Skjalnr. 9250
Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju skipulagslýsing EFLU verkfræðistofu fh. umhverfis- og skipulagssvið, skipulagsfulltrúa, dags. 22. júní 2022, um nýtt deiliskipulag Suðurlandsvegar, frá vegamótum við Bæjarhál að sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ nálægt Hólmsá, veghelgunarsvæða hans og gatnamóta á þessari leið. Vegagerðin áformar að í samvinnu við borgina að tvöfalda Suðurlandsveg og er markmið framkvæmdar að auka umferðaröryggi allra faramóta og tryggja greiðari leið umferðar um Suðurlandsveg með því að aðskilja akstursstefnur. Lagður verður 2+2 vegur, tengingum fækkað frá því sem nú er, þrenn mislæg vegamót, gerðir nýir reið-, hjóla- og göngustígar. Vegurinn verður lagður í allt að fimm áföngum og nær deiliskipulagið til fyrstu tveggja áfanganna. Lýsingin var kynnt frá 19. júlí 2022 til og með 31. ágúst 2022. Eftirtaldir sendu ábendingu/umsögn: Vegagerðin dags. 21. júlí 2022, Minjastofnun Íslands dags. 23. ágúst 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 25. apríl 2022, reiðveganefnd Fáks dags. 25. ágúst 2022, Reiðveganefnd SV-svæðis das. 26. ágúst 2022, Finnur Kristinsson dags. 29. ágúst 2022, Ólafur Kr. Guðmundsson dags. 30. ágúst 2022, Sveinbjörn Guðjohnsen og fjölskylda dags. 30. ágúst 2022, Skógræktarfélag Reykjavíkur dags. 30. ágúst 2022, Veitur ohf. dags. 31. ágúst 2022, Skipulagsstofnun dags. 1. september 2022 og Sigurdís Jónsdóttir og Birgir Rafn Árnason dags. 1. september 2022. Erindinu var vísa til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.

34. **Súðarvogur 20, (fsp) breyting á notkun** (01.454.1) Mál nr. SN220508
Skjalnr. 10798
Fríða Björk Einarsdóttir, Ólafsgæisli 79, 113 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Fríðu Bjarkar Einarsdóttur, dags. 12. ágúst 2022, um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 20 við Súðarvog úr skrifstofuhúsnæði í íbúðarhúsnæði. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022 samþykkt.
35. **Úlfarsfell, Fellsmúli, (fsp) hækkun húss** Mál nr. SN220463
Skjalnr. 12840
Vigdís Bergsdóttir, Víðimelur 34, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Vigdísar Bergsdóttur dags. 25. júlí 2022 um hækkun hússins á lóð Fellsmúla í Úlfarsfelli. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022 samþykkt.
36. **Öskjuhlíð, breyting á deiliskipulagi** (01.76) Mál nr. SN220376
Skjalnr. 7324
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Umhverfis- og skipulagssviðs dags. 13. júní 2022, varðandi breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar. Í breytingunni felst afmörkun deiliskipulags aðlöguð að deiliskipulagsmörkum Háskólans í Reykjavík og nýr göngustígur á horni Nauthólsvegur og Flugvallarvegur. Einnig lagður fram uppd. Landmótunar dags. 22. júní 2022. Tillagan var auglýst frá 21. júlí 2022 til og með 2. september 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Flugbjörgunarsveitin Reykjavík dags. 1. september 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.
37. **Kvistaland 26, breyting á deiliskipulagi** (01.862.3) Mál nr. SN220176
Skjalnr. 11225
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðarinnar nr. 26 við Kvistaland. Í breytingunni sem lögð er til felst breyting á lóðarmörkum lóðarinnar ásamt því að lögun byggingarreits fyrir leikskólabygginguna breytist og stækkar. Mænishæð er breytt og gert ráð fyrir að hækka þakið, en allar byggingar eru áfram ein hæð. Gert er ráð fyrir sorpgerði austan við leikskólann, innan byggingarreits leikskólans. Byggingarreitur færanlegrar stofu er breikkaður til suðurs. Gert er ráð fyrir hjóla- og vagnageymslu innan lóðar og 30 hjólastæðum, 10 fyrir starfsmenn og 20 fyrir nemendur, ásamt því að núverandi stígur á opna svæðinu er færður út fyrir áætluð lóðamörk, samkvæmt uppd. Landslags dags. 23. mars 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 27. maí 2022 til og með 27. júní 2022. Eftirfaldar sendu athugasemdir/ábendingu: Veitur dags. 10. júní 2022, Katrín Olga Jóhannesdóttir, Hávarður Finnbogason, Þórunn Rafnar og Karl Ólafsson dags. 20. júní 2022 og Frosti Sigurjónsson, Auður Svanhvít Sigurðardóttir, Steingrímur Arnar Finnsson og Unnur Agnes Jónsdóttir dags. 27. júní 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. júní 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.

38. **Furugerði 23, framkvæmdaleyfi** (01.807.4) Mál nr. SN220564
Skjalnr. 5681
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 13. september 2022 um framkvæmdaleyfi fyrir gerð aðkomugötu að eystri enda lóðar nr. 23 við Furugerði og framlengingar á neðri enda Furugerðis með beygju inn í bílskýli í vestur enda lóðar nr. 23 við Furugerði. Einnig er lagður fram uppd. Mannvits dags. 4. apríl 2022 og uppd. Landslags dags. 19. mars 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
39. **Grjótháls 7-11, breyting á deiliskipulagi** (04.304.0) Mál nr. SN220494
Skjalnr. 5774
Urban arkitektar ehf., Túngötu 45, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Urban arkitekta ehf dags. 7. ágúst 2022, um breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 7-11 við Grjótháls. Í breytingunni sem lögð er til felst að byggingarreitur sem ætlaður er fyrir spennistöð við syðri lóðamörk verði færður að norður lóðamörkum, samkvæmt uppd. Urban arkitekta ehf. 5. ágúst 2022.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
40. **Vegstokkur á Sæbraut, ósk um umsögn um matsáætlun** Mál nr. SN220420
Skjalnr. 8383
Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júlí 2022 var lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags. 21. júní 2022 þar sem óskað er eftir umsögn Reykjavíkurborgar um matsáætlun, dags. 1. júní 2022 og unnin af Verkís, fyrir vegstokk á Sæbraut. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022 samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:45.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir